

Minnisblað

Til: Skipulags- og mannvirkjanefnd
Frá: Bryndís Ósk Jónsdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs
Dags. 8. nóvember 2022
Mnr. 2022010144



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - minniháttar breyting á reglum um úthlutun lóða

Við yfirferð á samþykkt Ísafjarðarbæjar um gatnagerðargjald í nóvember 2022 kom fram að gera þurfi minniháttar breytingar á reglum um úthlutun lóða.

Eftirfarandi er lagt til:

1)

Orðalagsbreyting 1. gr.

„Skipulags- og mannvirkjanefnd sér um úrvinnslu umsókna um byggingarlóðir í Ísafjarðarbæ, og gerir tillögu til bæjarstjórnar um úthlutun. Úthlutun lóða fer fram með þeim hætti sem hér greinir:...”

Rauði textinn er uppfærður. Í núgildandi reglum segir að úthlutun lóða fari fram í nefndinni, en svo er þó ekki, sbr. og erindisbréf nefndarinnar og bæjarmálasamþykkt.

2)

Villa í 2. mgr. ákvæðis 3.4 – auk þess sem gera þarf niðurlagið skýrara

Gatnagerðargjald skal lagt á skv. a lið 2. mgr. 3. gr. samþykktar um gatnagerðargjald í Ísafjarðarbæ. Greiði lóðarhafi ekki gjaldið í samræmi við 8. gr. sömu samþykktar fellur lóðarúthlutun úr gildi, sbr. og 10. gr. samþykktar um gatnagerðargjald um afturköllun lóðar.

Rauði textinn eru lagfæringar og viðbætur, en ef ný samþykkt um gatnagerðargjald er samþykkt er nauðsynlegt að uppfæra þetta ákvæði

3)

Við ofangreindar breytingar þarf að uppfæra gildistökuákvæði 7. gr. á eftirfarandi hátt:

Reglur þessar taka gildi við samþykkt í bæjarstjórn, þann xx. nóvember 2022.